



ORATOR

Félag laganema
Association of law students
Lögberg
Háskóla Íslands
101 Reykjavík
Sími 552 1325
Fax 551 7725

Lögbergi, 10. febrúar 1998-02-10

Sólveig Pétursdóttir,
formaður allsherjarnefndar

Hér með sendum við yður leiðrétt eintak af umsögn Orators um frumvarp til laga um lögmenn. Leiðréttta þurfti tilvísanir í málsgreinar 7.gr. frumvarpsins.

↓
Umsögn var
skipt út!

Rut Gunnarsdóttir,
varaformaður Orators



ORATOR

Félag laganema
Association of law students
Lögberg
Háskóla Íslands
101 Reykjavík
Sími 552 1325
Fax 551 7725

Alþingi
Erindi nr. P 122/793
komudagur 3.2.'98


2. febrúar 1998

Hér með sendir Orator yður umsögn sína um frumvarp til laga um lögmenn. Aðdragandi hennar varð öllu lengri en von var á þar sem sætta þurfti ýmis sjónarmið laganema og samþykkja hana loks á félagsfundi.

Við samningu greinargerðar þessarar naut stjórn Orators dyggrar aðstoðar laganemanna Tómasar Möller, Hjördísar Halldórsdóttur og Ólafs Jóhannesar Einarssonar.

Vonumst við til að þér kynnið yður umsögn þessa vel þar sem miklir hagsmunir eru í húfi fyrir laganema.

Virðingarfyllt,
f.h. Orators,


Rut Gunnarsdóttir,
varaformaður Orators

Umsögn ORATORS,
félags laganema við Háskóla Íslands, um frumvarp til laga um lögmenn, lagt fyrir
Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997-98.

Umsögn þessi takmarkast við 6. og 7. gr. 3. kafla frumvarpsins, um lögmennsréttindi.

I.

Orator telur að höfuðtilgangur umsagnar sem þessarar sé að kanna hversu vel umrædd ákvæði 3. kafla frumvarps séu til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og fram koma í athugasemdum við frumvarpið. Ljóst má vera að ný og breytt skilyrði til að öðlast lögmennsréttindi varða laganema afar miklu, sem og lögfræðinga sem eru án lögmennsréttinda. Ákvarðanir löggjafans um þennan þátt frumvarpsins munu varða atvinnuréttindi og atvinnufrelsi þessa hóps miklu og verður seint of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að reglur um öflun lögmennsréttinda verði bæði gagnsæjar og til þess fallnar að standa vörð um jafnrétti og atvinnufrelsi lögfræðinga. Nauðsynlegt er að löggjafinn girði ákveðið fyrir alla möguleika á að stéttarlegir hagsmunir hafi áhrif á val nýliða í lögmennsréttina. Ennfremur ber löggjafanum að gæta þess að aðgangur manna að lögmennsréttindum þrengist ekki frá því sem verið hefur, nema það sé byggt á vel ígrunduðum og málefnalegum sjónarmiðum.

Því er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpstexta:

1. Við 1. mgr. 6. gr. verði bætt við 5. tl. orðinu "eða" og ennfremur verði við 1. mgr. 6. gr. nýjum tölulið nr. 6, svohljóðandi: **"hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður."**
Þá verði 5. málsgreininni bætt við 6. gr.: **"Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun skv. 6. tölulið þessarar greinar. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf og greiðist hún úr ríkissjóði. Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd 6. töluliðs þessarar greinar."**
2. Aftan við 2. málslíð 1. mgr. 7. gr. komi nýr málslíður, nr. 3, svohljóðandi: **"Einungis einn prófnefndarmaður má vera starfandi lögmaður."**
3. Við 7. gr. verði bætt eftirfarandi orðum við 2. mgr.: **"Dómsmálaráðherra skal leita umsagnar eftirtalinna aðila um tillögur prófnefndar: Dómarafélags Íslands, Lagadeildar Háskóla Íslands, Lögfræðingafélags Íslands, Lögmennafélags Íslands og Orators, félags laganema við Háskóla Íslands."**
4. Við 7. gr. verði bætt nýrri málsgrein, nr. 5, svohljóðandi: **"Lögfræðingum er heimilt að þreyta próf skv. þessari grein, án þess að hafa sótt námskeið."**

Lagt er til að í athugasemdum með frumvarpi komi eftirfarandi fram:

5. Námskeið verði haldið að minnsta kosti annað hvert ár en þó á hverju ári ef að minnsta kosti 10 manns óska eftir því.
6. Námskeiðið verði að hámarki 50 klst. og standi ekki lengur en eina önn í skólaári.
7. Efni námskeiðsins takmarkist við þá þætti sem einkum reynir á í starfi málflutningsmanns. Þar má til dæmis nefna samningu og flutning málflutningsræðu fyrir dómstólum, umfjöllun um siðareglur lögmannna og samskipti þeirra við skjólstæðinga sína.

II.

Rökstuðningur fyrir breytingartillögunum

Tillaga 1

Í athugasemdum frumvarps segir um gildandi skipan:

"Þessi skipan er að flestra áliti gengin sér til húðar og þörf er á markvissari undirbúningi við veitingu lögmannsréttinda en flutningur prófmála hefur upp á að bjóða. Gagnrýnin hefur jafnframt beinst að því að aðstaða manna til að fá leyfi lögmannna og umbjóðenda þeirra til að flytja mál sem prófmál sé misjöfn. Feli gildandi fyrirkomulag því í sér mismunun og úr því þurfi að bæta með því að gera aðgang manna að þessum réttindum almennari."

Orator vill vekja athygli á að ekki hefur verið kannað með neinum fullnægjandi hætti hver þörfin er fyrir breyttu fyrirkomulagi. Enga umfjöllun er að finna í athugasemdum frumvarps um hvers vegna núverandi kerfi er "gengið sér til húðar" og engan samanburð er að finna á núverandi kerfi og því sem lagt er til að tekið verði upp. Mikilvægt hlýtur að teljast, að málið sé skoðað vel frá öllum hliðum, áður en ráðist er í svo viðurhlutamiklar breytingar og hér um ræðir. A.m.k er það varla æskilegt að breyta fyrirkomulaginu breytinganna vegna!

Sú tillaga sem frumvarpshöfundar gera til úrbóta er að komið verði á nefndu námskeiði og jafnframt að núverandi kerfi prófmála verði lagt niður. Orator telur að sú skipan, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, geti ekki bætt úr þeim aðstöðumun sem fyrir er og réttilega er gagnrýndur í athugasemdum frumvarps. Til þess liggja fyrst og fremst tvær ástæður. Í fyrsta lagi verður um að ræða *fjárhagslega mismunun* og í öðru lagi *búsetumismunun*.

Það er augljóslega auðveldara fyrir lögfræðinga sem búa og starfa fjarri höfuðborgarsvæðinu að flytja fjögur prófmál, jafnvel þó þeir þurfi í sumum tilvikum að koma til Reykjavíkur til þess, en að sækja til Reykjavíkur námskeið, sem stendur væntanlega yfir í nokkra mánuði, um langan veg. Yrðu þeir lögfræðingar óhjákvæmilega fyrir töluverðu vinnutapi og þyrftu að bera umtalsverðan kostnað vegna uppihalds á meðan námskeiði stæði. Er í raun óforsvaranlegt annað en að löggjafinn leiði hugann að þeirri aðstöðu sem nýútskrifaður lögfræðingur, sem starfar á landsbyggðinni væri í ef hann hefði hug á að öðlast lögmannsréttindi. Í því sambandi þarf varla að minna á að námslán eftir 5 ára háskólanám eru í mörgum tilvikum mjög há, endurgreiðsla hefst tiltölulega stuttu eftir námslok og varla er þess að vænta að

menn fái launað frí frá vinnuveitenda sínum til að sækja námskeið af því tagi sem hér um ræðir.

Fyrir utan þá fjárhagslegu mismunun sem þannig er sjálfkrafa innifalín í búsetumismuninni bendir Orator á að námkeið af þessu tagi kemur til með að standa undir sjálfu sér og því er óhjákvæmilegt að af því leiði fjárhagsleg mismunun sem ekki er fyrir hendi í núverandi kerfi Orator telur þetta alvarlegan meinbug á frumvarpinu og í andstöðu við þau markmið sem stefnt er að.

Í öllu falli telur Orator að varlegra verði af stað farið ef beðið verði með að leggja prófmálakerfið niður þar til reynsla er komin á námskeiðið og hægt verði að mæla árangur af því, kosti þess og áhrif. Í þessu sambandi má einnig velta upp þeim möguleika hvort æskilegt sé að fresta gildistöku 6. og 7. gr. frumvarpsins þar til hugmyndir manna um námskeiðið eru nánar mótaðar og þannig gagnsæjar og sýnilegar fyrir þá sem eftir þeim þurfa að fara.

Með því að bjóða upp á prófmálakerfið meðfram námskeiði verður auk þess sem áður er talið girt fyrir að lengd námskeiðs, kostnaður við það eða kröfur sem gerðar yrðu til að standast prófraun, geti orðið tæki til að stjórna þeim fjölda sem öðlast lögmannsréttindi.

Að síðustu má benda á að með þessari "samkeppni" verður það hvatning þeirra sem að námskeiðinu standa til að gera það vænlegri kost fyrir verðandi lögmenn en að þreyta prófmál. Slíkt valfrelsi verður þannig raunverulegur prófsteinn á gæði og verðleika námskeiðs - prófsteinn þeirra sem eftir réttindunum sækjast, ekki annarra.

Tillaga 2

Telja verður ótækt að lögmenn geti haft úrslitaáhrif á það hversu margir lögfræðingar öðlist lögmannsréttindi. Samkvæmt frumvarpstextanum er mögulegt að allir nefndarmenn séu starfandi lögmenn og telur Orator mikilvægt öryggisatriði að þessu verði breytt.

Tillaga 3

Með því að lögbinda álitsumleitan um tillögur prófnefndar er tryggt að helstu samtök lögfræðimenntaðs fólks fái tækifæri til að koma að athugasemdum sínum og tillögum. Með því móti má tryggja vandaðri undibúning að námskeiði og ennfremur auka líkur á að sátt verði um tillögun þess.

Tillaga 4

Þessi tillaga er sett fram með hliðsjón af því að bakgrunnur þeirra sem koma til með að þreyta væntanlegt próf er æði misjafn. Tvennt kemur þar einkum til. Annars vegar mismunandi menntun, t.d. sérmenntun á öðrum sviðum en lögfræði og að í lagadeildinni gefst nú kostur á að taka nýu kjörgreinar í 4. hluta laganáms auk þess sem nemendur skrifa kandiðatsritgerð. Hins vegar að það er viðbúið að menn hafi mismunandi starfsreynslu þar sem sumir hafa ef til vill unnið í nokkur ár áður en þeir afla sér lögmannsréttinda. Er tillaga Orators þannig í samræmi við eðlilegan tilgang prófraunar og námskeiðs, þ.e. að tryggja að lögmaður hafi ákveðna kosti til að bera er hann tekur til við starfa sinn, en kemur um leið í veg fyrir kostnaðarsaman tvíverknað í þessu sambandi.

Tillaga 5

Ekki verður séð því neitt til fyrirstöðu að það komi fram í lögskýringargögnum að námskeiðið verði haldið á hverju ári ef tiltekinn fjöldi óskar eftir því. Með þessu er tryggt að það dragist ekki lengur en þörf er á að þeir sem þess óska geti aflað sér lögmannsréttinda og er því betri leið til úrbóta á því sem gagnrýnt er í núverandi skipan, sbr. tilvitnun hér að ofan.

Tillaga 6

Þar sem löggjafinn er hér að setja skilyrði fyrir mikilsverðum atvinnuréttindum er mikilvægt að hann takmarki framsal lagasetningarvalds eins mikið og kostur er. Því teljum við rétt að sett séu ákveðin viðmiðunarmörk í frumvarpstextann. Eykur það bæði gagnsæi reglnanna og setur skýrari ramma um heimildir þeirra sem að námskeiði standa. Þá er með þessu móti komið í veg fyrir að námskeiðið verði óhóflega umfangsmikið og eftir því kostnaðarsamt.

Tillaga 7


Með þessum hætti yrði tryggður sá skilningur löggjafans að í námskeiðinu fælist ekki endurtekning á þeirri menntun sem lögfræðingar hafi áður öðlast, bæði í laganámi og menntaskólanámi. Einnig telur Orator ótækt að skylda menn til að sitja námskeið í skrifstofuhaldi eða almennum rekstri fyrirtækja þar sem slíkt tengist ekki málflutningnum sjálfum auk sem sem benda má á að LÍ býður upp á námskeið í rekstri málflutningsstofu.


Í þessu sambandi má benda á þann möguleika að ákveðnar kjörgreinar sem nú eru kenndar í 4. hluta laganáms komi að hluta eða að fullu í stað umrædds námskeiðs.

III.

Að lokum bendir Orator á að mistök virðast hafa átt sér stað í meðförum frumvarpsins hvað varðar 2. másl. 3. mgr. 7. gr., enda er starfsreynsla prófmanns ekki skilyrði fyrir aðgangi að námskeiði eða próftöku.

Samþykkt á félagsfundi Orators
Reykjavík 30. janúar 1998,
F. h. Orators,


Þórir Skarphéðinsson,
formaður Orators


Rut Gunnarsdóttir,
varaformaður Orators